

24. Stjórnarfundur FENÚR,

haldinn 30. nóvember 2000 kl. 10:00 á skrifstofu Endurvinnslunnar Knarrarvogi

Mættir: Gunnar Bragason, Ragna Halldórsdóttir, Pétur Bjarnason, Jóhannes Pálsson og Ásmundur Reykdal.

Fundargerð.

Fundargerð síðasta stjórnarfundar samþykkt.

Samstarf við Hollustuvernd

G.B. og P.B. hafa rætt við framkvæmdastjóra Hollustuverndar um hugsanlega samnýtingu tilvonandi starfsmanns FENÚR við ákveðin verkefni. Framkvæmdastjórinn tekur jákvætt undir málið, en frekari ákvörðun bíður niðurstöðu fjárhagsáætlunar stofnunarinnar.

LCA málið.

R.H. sagði frá stöðunni. Engar nýjar fréttir frá síðasta fundi. Beðið eftir niðurstöðu um afgreiðslu umsóknarinnar.

Starfshópar.

Starfshópur 2. um lífrænan úrgang, úrgangsminnkun og endurvinnslu, stóð fyrir kynnisferð þann 10. nóvember sl. “austur fyrir fjall”. Fararstjóri var Björn Halldórsson, hópstjóri. Góð þáttaka var í ferðinni og almenn ánægja með ferðatilhögunina og leiðsögn um kjötmjölsverksmiðju Kjötmjöls hf. og urðunarstaðinn við Kirkjuferjuhjáleigu; ásamt fundi sem haldinn var í höfuðstöðvum samtaka sunnlenskra sveitarfélaga á Selfossi. Sérstaka hrifningu vakti heimsókn í plast-endurvinnsluna að Læk í Ölfusi.

Lagahópur FENÚR, hélt fund á Grand Hótel 23. nóvember sl. til kynningar á frumvarpsdrögum STENÚR fyrir félagsmenn FENÚR og aðra, sem áhuga hafa á málinu. Framsögu á fundinum höfðu Sigurbjörg Sæmundsdóttir, Umhverfisráðuneyti og Guðmundur G. Þórarinsson, formaður STENÚR-nefndarinnar. Líflugar umræður urðu að loknum framsöguerindum. Jóhannes Pálsson, hópstjóri lagahóps FENÚR stýrði fundi og mun senda fundargerð á heimasíðu félagsins á næstunni.

Um 40 manns sóttu fundinn.

Rætt um tilnefningu í stýrihópa starfshópa FENÚR, stjórn mun leggja fram tillögu þar að lútandi í samvinnu við hópstjóra.

Starfið framundan.

Ákveðið að halda aðalfund FENÚR 16. mars n.k. og aðal viðfangsefni fundarins verði “endurvinnsla og endurnýting.” Stefnt er að því að fá fyrirlesara erlendis frá til að fjalla um málið frá sem flestum hliðum.

P.B. lagði til að í tengslum við aðalfund yrði afhent viðurkenning FENÚR til einstaklings eða félags fyrir frumherjastörf eða sérstakan árangur í þeim málaflokkum, sem FENÚR stendur fyrir.

Merkingar.

Lögð fram kostnaðaráætlun við gerð merkingakerfis fyrir meðhöndlun úrgangs, sem hópur innan FENÚR hefur unnið að. I.A. og P.B. falið að yfirfara tillögurnar áður en ákveðið verður með hvaða hætti FENÚR kemur að málinu.

Önnur mál.

R.H. lagði fram bréf frá Lúðvík Gústafssyni, Heilbrigðiseftirliti Reykjavíkur, þar sem hann leggur til að félag umhverfis-og heilbrigðisfulltrúa verði aðili að FENÚR í stað þess að einstök heilbrigðiseftirlit séu aðilar að félaginu. Stjórnin tók jákvætt í málið.

Fundi slitið 11:00

Á.R.